



Grunnþættir menntunar

Í aðalnámskrá grunnskóla 2011 eru settir fram sex grunnþættir menntunar; læsi, sköpun, heilbrigði og velferð, sjálfbærni, jafnrétti og lýðræði og mannréttindi. Þessir þættir eiga að vera leiðarljós alls skólastarfs og vera sýnilegir í öllum námsgreinum, námsmati og daglegu starfi í skólanum. Með þeim er áhersla lögð á að rækta þá þekkingu, leikni og viðhorf sem gera nemendur gagnrýna og virka þátttakendur í samfélaginu. Í Kársnesskóla leggjum við okkur fram við að tengja grunnþættina öllu skólastarfi eftir bestu getu hverju sinni.

Læsi



Í almennri merkingu á hugtakinu læsi er átt við þá færni að lesa og skilja prentaðan texta, bregðast við honum og túlka út frá eigin raunveruleika en líka að færa hugsun sína í letur. Í víðasta skilningi getur læsi átt við um þá hæfni að greina og túlka efni af ólíkum miðlum og um leið miðla eigin efni á ólíkan hátt (miðlalæsi), að skilja umhverfi sitt og áhrif mannsins á það (umhverfis-/náttúrulæsi), að lesa töflur, gröf og tölur (tálnalæsi) og að geta lesið í aðstæður, sýnt samhygð og sett sig í spor annarra (tilfinningalæsi).

Við nálgumst læsi meðal annars með því að:

- ætlast til þess að allir nemendur lesi sér til gagns og gamans heima og í skóla
- beita fjölbreyttum kennsluáferðum í læsi
- vinna með læsi og lesskilning í öllum námsgreinum
- þjálfa nemendur í öflun upplýsinga, greiningu á þeim, túlkun og miðlun
- örva sjálfstæða og gagnrýna hugsun

Sköpun



Sköpun er ekki bundin listgreinum, hún á að vera samvinnuð öllu skólastarfi. Sé áhugi, útsjónarsemi og ímyndunarafli gefinn laus taumur geta öll verk, stór sem smá, falið í sér sköpun. Því er mikilvægt að þjálfa skapandi hugsun og gagnrýnin vinnubrögð, veita kennurum og nemendum svigrúm til að sýna frumkvæði og nýta margskonar leiðir í námi og leik.

Við nálgumst sköpun meðal annars með því að:

- beita fjölbreyttum kennsluaðferðum
- fá nemendur til að leita lausna
- ýta undir forvitni og sköpun í öllum námsgreinum
- hvetja til fjölbreyttrar verkefnavinnu
- samþætta námsgreinar
- bjóða upp á fjölbreyttar valgreinar
- kenna leiklist, dans, nýsköpunarmennt auk hinna hefðbundnu list- og verkgreina
- styðja öflugt kórastarf
- nota ólíka miðla við nám og kennslu
- hafa verk nemenda sýnileg í skólanum
- nýta nærumhverfi skólans

Heilbrigði og velferð



Heilbrigði og velferð byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Við viljum hafa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði nemenda.

Við nálgumst heilbrigði og velferð meðal annars með því að:

- kenna fjölbreyttar íþróttagreinar
- leggja áherslu á útikennslu og útiveru
- bjóða upp á jóga sem val
- kenna kynjafræði
- huga að fjölbreytileika einstaklinganna
- hjálpa nemendum við að móta jákvæða og raunsanna sjálfsmynd
- hjálpa nemendum að verða þrautseigir og viljugir að gera vel
- hafa skólaumhverfið notalegt og heilsusamlegt
- bjóða upp á áskrift að ávöxtum og heitum mat í hádeginu
- hvetja til persónulegs hreinlætis
- fylgja eftir forvarnarstefnu skólans

Sjálfbærni



Sjálfbær þróun byggir á hugmyndum um að efnahagslegir, félagslegir og umhverfislegir þættir séu ein heild. Í skólastarfi er ætlast til þess að nemendur takist á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni sem miða að því að þeir hagi lífi sínu á þann veg að möguleikar komandi kynslóða skerðist ekki.

Við nálgumst sjálfbærni meðal annars með því að:

- flokka rusl
- endurvinna ýmis efni og nýta efnisafganga
- nýta lífrænan úrgang í húsdýrafóður
- nota rafbækur
- hvetja starfsfólk og nemendur til að ganga eða hjóla í skólann
- sýna góða umgengni
- vera skóli á grænni grein
- nýta nærumhverfi skólans

Jafnrétti



Markmið jafnréttismenntunar er að skapa öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi. Jafnrétti gengur gegn hvers konar mismunun og misrétti og við eigum öll að taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis þar sem fólki er ekki mismunað á grundvelli uppruna, kyns, kynhneigðar, trúar, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Við nálgumst jafnrétti meðal annars með því að:

- stuðla að jafnrétti allra
- nemendalýðræði
- kenna kynfræðslu og ræða málefni henni tengd
- kynna trúarbrögð með áherslu á hvað er líkt og hvað er ólíkt
- kynna ólík menningarsamfélög
- einstaklingsmiða nám

Lýðræði og mannréttindi



Lýðræði snýst um samstarf og samveru þar sem borin er virðing fyrir manngildi hvers og eins. Þó samfélagsgreinar og lífsleikni séu kjölfesta þekkingar og viðhorfa til þessa þátta þá eiga þeir erindi í öllum námsgreinum því þannig læra nemendur um eigin ábyrgð, réttindi og skyldur.

Við nálgumst lýðræði og mannréttindum meðal annars með því að:

- hvetja til frumkvæðis
- hvetja nemendur til að reiða sig á eigin dómgreind
- efla traust innan nemendahópsins
- kenna virka hlustun
- spyrja áleitinna spurninga og efla gagnrýna hugsun
- rökræða og rökstyðja og skipta um skoðun ef rökin hníga í aðra átt
- rannsaka og leita nýrra möguleika

Við notum meðal annars þessar leiðir:

- Byrjendalæsi í 1. – 3. bekk
- Læsi til náms í 3. – 10. bekk
- LOGOS í 4. – 8. bekk
- söguaðferð með öllum nemendum
- Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk
- lestrarátak á öllum stigum ár hvert
- spjaldtölvur/tölvur
- upplestur fyrir alla nemendur
- útikennslu
- skimunarpróf, hraðapróf og lesskilningspróf
- Kór Kársnesskóla
- Hannað í drasl
- valfög
- nýsköpunarmennt
- gildi skólans; þekking, virðing, ábyrgð og ánægja
- list- og verkgreinar
- Uppeldi til ábyrgðar
- stafræna borgaravitund
- fjölgreindaleika
- samverustundir á yngsta stigi
- fræðslu hjúkrunarfræðings
- nemendaviðtöl
- bekkjarfundir
- vinadaga
- forvarnaráætlun
- eineltisáætlun
- áfallateymi
- umhverfissáttmála Kársnesskóla
- Grænfánaverkefnið
- Ævintýraskóginn
- lotukennslu í kynjafræði og lífsleikni
- nemendaráð
- jafnréttisáætlun
- vinaliðanefnd
- einstaklingsnámskrár
- hjálparstarf
- þátttöku nemenda í ýmsum nefndum
- þátttöku í atburðum nærsamfélagsins s.s. Kársneshlaupinu, eineltisdeginum og fjáröflun
- hugmyndabanka nemenda